

# Stjórnarfundur TSÍ 28.09.11

Mættir: Þrándur, Jónas, Helgi, Raj og Gunnar

Almenn ánægja var með heimsókn Hrjove til landsins. Heimsóknin var vel undirbúin og eiga hlut að máli heiður skilið fyrir þann þátt. Gott starf hjá ykkur !! Vantar svör frá ÍSÍ um hvar kúluhúsið er niður komið og hvort það getur nýst okkur. Líney eða Örn Andrésson vita meira um það mál og Jónas tók að sér að ræða við Örn.

Helgi fór á fund hjá Sigfúsi framkvæmdastjóra TBR. Í borgarráði var bygging tennishúss samþykkt en framkvæmdum frestað þegar kreppan skall á. Helgi benti á að borgin þarf ekkert að greiða fyrir húsið fyrr en 2015 vegna þess hvernig samningurinn er byggður upp. Þetta hús verður fyrir öll Reykjavíkurfélögin en ekki TBR eitt og sér.

Helgi svaraði spurningum frá ÍSÍ út af afreksstefnunni. Málið er í vinnslu. Raj hefur þegar unnið mikið í þessum málum. Má ábyggilega byggja á punktum frá honum og mikilli reynslu á þessu sviði líka. Stjórnarmenn lögðu áherslu á að við myndum setja okkur raunhæf markmið en ekki byggja skýjaborgir sem að öllum líkindum munu hrynja.

Nýr stigalisti var ræddur. Möguleiki er að velja tvær aðferðir við hvernig stigin ráðast niður á menn. Menn ræddu það fram og til baka en almennt vilja menn að listinn sé einfaldur og gagnsær þannig að allir geti skilið hvernig útreikningurinn fer fram. Ekki var tekin endanleg afstaða en segja má að TSÍ sé þá með 3 stigalista í gangi um þessar mundir.

Þar sem Júlíana var ekki á fundinum þá var hún umsvifalaust valin til þess að annast öll samskipti við útlönd varðandi Fed Cup og Davis Cup. Vissum reyndar að hún tæki því vel.

Jónas nefndi hvort hægt sé að nota tennisvelli í Vogaskóla fyrir unga krakka sem þurfa minna pláss til þess að spila. Þar gæti því verið pláss fyrir marga litla velli. Raj ætlar að skoða hvort það sé flötur á þessu.

Umræða fór fram um tímasetningu á Íslandsmótinu utanhúss næsta sumar. Menn voru spenntir fyrir því að halda mótið dagana 07-12. ágúst. Ekki var tekin endanleg afstaða. Þarf að gera það hið fyrsta.

Næsta sumar, nánar tiltekið dagana 01.-03. ágúst fer fram Summer Cup 18 ára og yngri. Mótið er byggt upp á svipaðan hátt og Davis Cup. Áhugi er fyrir því að senda þátttakendur á mótið. Skoðað betur síðar.

Helgi upplýsti að við fengum 200.000 kr.- styrk frá Ólympíufjölskyldunni fyrir landslið karla og kvenna. Helgi hefur verið duglegur að afla styrkja fyrir TSÍ. Einnig á sambandið ónýttan flugmiða sem rennur út um áramótin. Nokkur umræða fór um hvernig nota má flugmiðann en ekki var tekin endanleg afstaða. Við þurfum mjög fljótlega að finna lausn á því máli.

Ræddar voru æfingar fyrir börn 12 ára og yngri og tekin var ákvörðun um að hefja æfingar með þennan hóp. Raj, Mílan og Jón Axel skoða nánar hvernig hægt er að útfæra þetta. Menn vilja frekar kalla hópinn úrvalshóp en landsliðshóp. Nógur tími fyrir unga krakka að hlakka til að verða einhver tíma landsliðsmenn í framtíðinni.

Gunnar Þór Finnbjörnsson